

Stjórn nemendafélags Árskóla, fundur 29. október 2020

Mætt: Marsilía Guðmundsdóttir og Sigurður Snær Ingason úr 10. bekk, Hlynur Sævar Franzson og Una Karen Guðmundsdóttir úr 9. bekk, Magnús Ingi Guðjónsson og Sigríður H. Stefánsdóttir úr 8. bekk, Hilmar Örn Hreiðarsson og Katla Guðný Magnúsdóttir úr 7. bekk og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs, sem stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð. Gestir fundarins voru Óskar Björnsson, skólastjóri, Eypór Jónatansson og Sævar Leó Hilmarsson úr 10. bekk.

Dagskrá fundar:

- Hugmyndakassi fyrir Þekjuna
- Afhending nýs hátalara á Þekju.
- Önnur mál.

Formenn 10. bekinga, þau Sigurður og Marsilía, kynntu fundarmönnum hugmyndakassa, sem smíðaður hefur verið í samstarfi við smíðakennara. Kassanum verður komið fyrir á Þekjunni. Í hann setja nemendur hugmyndir/ábendingar sínar að málefnum til að ræða á fundum stjórnar nemendafélagsins. Fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins fara í gegnum hugmyndirnar/ábendingarnar, flokka þær og velja í hvaða röð þær verða teknar fyrir. Fljótlega kynna formenn hugmyndakassann fyrir 8., 9. og 10. bekingum. Ef vel gengur með hugmyndakassann á Þekjunni væri ráð að smíða annan kassa og koma fyrir á miðstigi. Ef af verður myndu fulltrúar 7. bekinga koma að smíði kassans.

Óskar skólastjóri kom á fundinn með hátalara sem keyptur var nýverið fyrir gjafapening. Honum verður komið fyrir á Þekju til afnota fyrir nemendur í frímínútum. Tveir nemendur úr 10. bekk, þeir Eypór og Sævar, sem höfðu haft frumkvæði að kaupnum tóku við hátalaranum úr hendi skólastjóra.

Önnur mál:

1. Deildarstjóri fór yfir fyrirkomulag funda. Þeir verða, að öllu jöfnu, haldnir einu sinni í mánuði. Fundirnir eru boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara, með tölvupósti til nemenda.
2. Rætt um skömmtun í matsal.
3. Rætt um ramp sem lengi er búinn að vera í umræðunni. Nemendur ítreka óskir sínar um að slíkt væri sett upp við skólann. Skólastjóri segir málið komið á rekspöl.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,
Kristbjörg Kemp